



Fjölbrotarskóli Snæfellinga

Fundargerð 50. fundar skólanefndar.

Dagsetning: þriðjudagur 8. júní 2010.

Viðstaddir: Kjartan Páll Einarsson (formaður). Jón Eggert Bragason, Pétur Ingi Guðmundsson, Sigríður Finsen, Björg Ágústsdóttir, Sólrún Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara og Guðrún Jóna Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður skólanefndar, Kjartan Páll setti fund og gaf skólameistara orðið.

1. Kennararáðningar

Það er búið að ráða einn kennara í dönsku. Tveir kennarar hafa dregið umsóknir sínar tilbaka. Jón Eggert bar undir nefndarmenn hvort að auglýsa ætti aftur eftir kennurum því engar umsóknir eru frá réttindakennurum. Það var skoðun skólanefndar að skólameistari myndi meta þetta. Skólameistari nefndi að hann gæti jafnvel kennt einn áfanga í stærðfræði.

2. Kynning á því sem fjallað var um á starfsdögum í maí

Á starfsdögum var meðal annars fjallað um starfsemi framhaldsdeildarinnar á Vestfjörðum. Kostnaður við deildina er umtalsverður en ánægja með hana er mikil. FSN mun reyna að keyra þetta metnaðarfulla starf áfram en reyna að fá aukið fjármagn vegna framhaldsdeildarinnar. Það var ákveðið á starfsdögum að nota Býli undir fjarfundabúnað vegna kvartana um ónæði í kennslurými í sal. Þannig væri jafnvel hægt að ná betri tengslum við nemendur hinum megin við Breiðafjörðinn. Hugmyndir eru um að auka þjónustu við Vestfirði með öðrum fjarfundabúnaði. Það þarf að semja við menntamálaráðuneytið um framhald framhaldsdeildarinnar og berjast fyrir fjármagni. Það er ekki gott mál að deildin sé rekin á kostnað skólans hér.

Dreifnám í FSN virðist vera mjög misjafnt eftir áföngum og/eða kennurum. Þyrfti skólinn að setja sér einhverjar línur varðandi dreifnám og fjarnám. Dreifnámsnemandinn á að taka þátt í því námsmati sem fer fram alla önnina, mætir í kaflapróf og skilar verkefnum. Kennarar hafa samið sérstaklega við sína dreifnámsnemendur um hvernig þeirra námi verður háttáð. Sumir dreifnámsnemendur koma jafnvel aldrei og leysir kennarinn það með því að búa til sér verkefni og/eða lokapróf. Mörk milli dreifnáms og fjarnáms þurfa að vera skýrari. Í FSN hefur dreifnám í einhverjum tilvikum verið fjarnám. Skólameistari vill skerpa á sérstöðu skólans jafnframt því að setja skýrari mörk, dreifnám er ekki fjarnám.

3. Viðmiðunarsamningur við KÍ í endurskoðun

Verið er að endurskoða viðmiðunarsamninga við KÍ með það að markmiði að FSN greiði ekki umfram miðlæga samninga enda fær skólinn ekki umfram fjármagn til þess að mæta þeim viðbótarkostnaði. Ef að samkomulag við KÍ næst ekki mun þessum viðmiðunarsamningi verða sagt upp. Hugmyndafræðin á bak við viðmiðunarsamninginn passar mjög vel að kennslufyrirkomulagi FSN. Hræðslan er sú að ef samningar við KÍ nást ekki að hugmyndafræðin í FSN sé ekki studd nægilega. Í viðmiðunarsamningi sem nú er í gangi er greitt meira fyrir stærri hópa en minna fyrir minni hópa sem gerir litla hópa lífvænlegri.



Fjölbrotarskóli Snæfellinga

4. Stofnanasamningur FSN

Í stofnanasamningi FSN er bundið að 33 þættir séu alltaf í gangi í FSN hvort sem að þörf sé fyrir 28 eða 38. Að minnsta kosti 33 þættir þurfa alltaf að vera í gangi og er greitt fyrir þá. Einn þáttur er um 2,5% launahækkun og ekki er nefnt í stofnanasamningnum að þessir þættir þurfi að rúmast innan fjárlagaramma skólans. Stofnanasamningur fylgir kjarasamningum.

5. Samstarfssamningur – Nám á ferð og flugi

Samstarfsverkefni við Símann og Menntaskóla Borgarfjarðar hefur verið sagt upp. Verkefnið hefur ekki gengið upp. Fjármagni var úthlutað í verkefnið en afurðin var engin.

6. Mötuneyti

Þrír aðilar sýndu mötuneyti skólans áhuga og tveir drógu umsókn sína tilbaka. Að óbreyttu mun verða samið við Kaffi 59.

7. Skólaakstur

Grundarfjarðarbær samþykkti að greiða reikninga vegna skólaaksturs 2008 og 2009 og hefur gert upp. Stykkishólmsbær er búin að samþykkja að greiða ef að hin sveitarfélögin greiði sína reikninga.

Minnispunktur voru sendir menntamálaráðuneyti í dag með beiðni um svar vegna aðkomu LÍN að skólaakstri. Reglugerðarbreytingu þyrfti að gera á reglum LÍN með þeim hætti að akstursstyrkur nemenda færi upp í skólaaksturs. Skólameistari, skólanefnd og bæjarstjórnar þurfa að sammælast um erindi og hnykkja á þessu vandamáli sem skólaaksturinn er í hér. Ákveðið var að setja saman erindi í næstu viku.

8. Niðurskurður

Skólameistari og aðstoðarskólameistari voru í síðustu viku á fundi þar sem tilkynna átti um fyrirhugaðan niðurskurð. Gísli skriftstofustjóri mennta- og menningarmálaráðuneytis tilkynnti að það þyrfti að skera niður um 5,5%. Ekki var tilkynnt um hvar þessi niðurskurður á að eiga sér stað né með hvaða hætti.

9. Önnur mál

Innritun fyrir haust 2010: 37 nemendur sem voru að útskrifast úr 10. bekk hafa sótt um nám í FSN sem aðalskóla.

Fundi slitið kl. 18:00.